

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2020  
UST202005-156/A.B.  
10.05.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn - Ferðapjónusta á Heyklifi - Kambanes í Fjarðabyggð**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, móttekið þann 14. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdarlýsing**

CityLab ehf. áformar að byggja upp ferðapjónustu á jörðinni Heyklifi við sunnanverðan Stöðvarfjörð í Fjarðabyggð á 132 ha landi. Lóðir, þar sem uppbygging er áformuð, eru 16,3 ha. Gert er ráð fyrir 7.300 m<sup>2</sup> hóteli á lóð H (þar af 2.050 m<sup>2</sup> neðanjarðar), 1000 m<sup>2</sup> veitingastað og starfsmannaaðstöðu á lóð V, fjórum fjölskylduhúsum á lóð FB, sem verða samtals 720 m<sup>2</sup>, 700 m<sup>2</sup> fjölskylduhúsi á lóð FA, fimm gistihýsum, samtals 450 m<sup>2</sup>, á lóð SA, tanki og spennistöð, samtals 300 m<sup>2</sup> á lóð T, þrem gistihýsum, samtals 300 m<sup>2</sup>, á lóð SB og 200 m<sup>2</sup> þjónustuhúsi á lóð P2. Að auki er gert ráð fyrir bílastæði á lóð P1. Gert er ráð fyrir að núverandi íbúðar- og úthús á jörðinni verði notuð áfram fyrir starfsemi staðarins og mögulega bætt við þau. Alls er um að ræða 100 gistirými fyrir gesti og 16 gistirými fyrir starfsfólk.

### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun telur að votlendi, vistgerðir, ásýnd og rask og fuglalíf vera þá umhverfisþætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar.

### **Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins eru votlendissvæði sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra

náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð á hersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í umhverfisskýrslu tillögunnar kemur fram að mannvirki séu utan verndarsvæða og hafi því ekki áhrif á votlendi og hefur því framkvæmdin óveruleg neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir.

Gert er ráð fyrir í tillögunni töluberðu byggingarmagni í verkefninu, götum og bílastæðum og telur því Umhverfisstofnun mikilvægt að vatnsrennsli sé tryggt í votlendið og að framkvæmdir valdi ekki þurrkáhrifum.

### Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til varptíma fugla á framkvæmdatíma. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð og skýrslu NA að hægt sé að minnka áhrif framkvæmda á fuglalíf til mikilla muna með því að tímasetja þær utan viðkvæmasta tíma í lífi fuglanna, á varptíma (breytilegt eftir tegundum) og fyrstu vikum í lífi ungans.

Í rannsóknarskýrslu NA kemur fram að líklega verður það einkum umferð fólks með tilheyrandi ónæði og áreiti sem mun hafa mest áhrif á fuglalíf. Líkur eru á að fyrirhugaðar framkvæmdir á Kambanesi spilli varpsvæði stelksins og hamli mögulega ungauppeldi vegna skerts aðgengis að fæðu. Auk þess kemur fram að svartbakur, sem flokkast sem tegund í hættu, muni að öllum líkindum hætta varpi á svæðinu verði af framkvæmdum.

Einnig kemur fram að mikilvægt sé að hlífa varpstöðum fýla í klettum, bæði á framkvæmdatíma og fyrir umferð manna og huga vel að varpsvæði silfurmáfs sem gjarnan kýs að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá mönnum.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að aðgangsstýring sé sett á ferðir gesta um svæðið til þess að umferð gesta hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

### Ásýnd

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (NA) kemur fram að á Kambanesi er fjölbreytilegt landslag, gróðurfar og fuglalíf og hægt er að komast í var frá þjóðvegi 1 án þess að fara mikið út af veginum og upplifa kyrrð og mikla náttúrufegurð.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og þar af leiðandi upplifun gesta og því mikilvægt að fella öll mannvirki að landslagi eins og kostur er til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að skoðuð séu áhrif íbúðarhúss á reit FA.

### Efnistaka og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að í Færivallaskriðum er skilgreind náma nr. 237-E og gæti efni þaðan hentað sem neðra burðarlagsefni í vegagerð.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í skriðunni getur haft mikil sjónræn áhrif og verið til lýta í umhverfinu og því ætti að forðast slíka efnistöku eins og kostur er.

<http://www.namur.is/undirbuningur/efnistaka-ur-skridum/>

Stofnunin leggur til að efni sé frekar nýtt úr námu á áraurum Breiðdalsár.


Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgat á vefsíðunni namur.is.

### Leyfisveiting


Ef ákvörðun Skipulagsstofnunar verður sú að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum minnir Umhverfisstofnun framkvæmdaraðila á það sem segir í 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum: „*Við útgáfu leyfis til framkvæmdar sem fellur í flokk B og flokk C þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.“ Hægt er að binda framkvæmdaraðila skilyrðum sem tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við þær forsendur sem lagt er upp með í tilkynningarskýrslu þar sem líkleg umhverfisáhrif hafa verið metin út frá þeim forsendum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili gæti þess að umsókn til leyfisveitanda sé í samræmi við umrædda tilkynningu (tilkynningarskýrslu framkvæmdar til ákvörðunar um matsskyldu). Annars skal tilkynna framkvæmdina aftur. Er þetta sérstaklega mikilvægt hvað áhrif á votlendi snertir sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að mati Umhverfisstofnunar.*

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að framkvæmdaraðili skuli hafa fengið Náttúrustofu Austurlands til þess að vinna rannsóknarskýrslu sem var svo nýtt við ákvarðanatöku í verkefninu og telur stofnunin það vera til marks um vönduð vinnubrögð framkvæmdaraðila. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur